



## Beiðni um upplýsingar – athugasemd við upplýsingar

Lög nr. [90/2018](#) um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga kveða á um rétt einstaklinga til að:

- Fá upplýsingar um allar skráðar persónulegar upplýsingar um sig, rafrænar eða á pappír, hvaðan þær komu og til hvers þær eru notaðar. Við afhendingu slíkra upplýsinga ber skólanum skylda til meta áður hvert skjal sem óskað er eftir, hvort þar geti verið upplýsingar sem viðkomandi á ekki rétt á, á grundvelli III. kafla upplýsingalaga nr. [140/2012](#), um aðgang aðila að upplýsingum um hann sjálfan.
- Koma á framfæri athugasemd við ófullkomnar eða rangar upplýsingar um sig. Hér er minnt á að skólanum ber skylda til að varðveita upplýsingarnar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. [77/2014](#). Komi til leiðréttinga er haldin skrá yfir þær.

Vinsamlega skráðu erindi þitt í reitinn hér fyrir neðan. Þú dagsetur, undirritar og sendir erindið á netfangið [personuvernd@mh.is](mailto:personuvernd@mh.is) en einnig má senda póst merktan persónuverndarfulltrúa til MH, Hamrahlíð 10, 105 Reykjavík.

Eins og fram kemur í persónuverndarstefnu MH er leitast við að bregðast við öllum fyrirspurnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun skólinn upplýsa um mögulegar tafir á afgreiðslu og kappkosta að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku beiðni.

Dags.: \_\_\_\_\_

Undirritun \_\_\_\_\_